

# GÓÐ HEGÐUN BETRI AKSTUR



## SKÓLA- OG FRÍSTUNDAAKSTUR HÓPBÍLA

Hópbílar hf. var stofnað árið 1995. Fyrirtækið hefur ávallt haft það að markmiði að bjóða upp á góða þjónustu, hæfa og vel þjálfaða bílstjóra og góðar rútur með öllum helstu þægindum og öryggi.

Helstu verkefni Hópbíla hf. eru tengd ferðapjónustu og öllum þeim sem vilja ferðast, fyrirtækjum sem og einstaklingum. Hópbílar sjá um skólaakstur og frístundaakstur fyrir Hafnarfjarðarbæ en einnig akstur fyrir eldri borgara og akstur fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu undir nafninu Akstursþjónusta Hópbíla. Allur akstur fyrir starfsmenn Alcan er hjá okkur. Þá sjá Hópbílar um utanbæjara-  
kstur fyrir hönd Strætó Bs.

Öryggi er veigamikill þáttur í starfsemi Hópbíla. Árið 2014 var innleitt vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum OHSAS 18001, nú ISO 45001. Staðallinn gerir ríkar kröfur á félagið varðandi öryggismál og forvarnir þeim tengdum. Öryggisbelti eru í hverju sæti, bílar fara í reglubundið eftirlit og eru útbúnir með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í stefnumörkun og starfsemi Hópbíla. Árið 2003 var félagið með fyrstu fyrirtækjum á Íslandi til að innleiða vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO 14001 og frá árinu 2020 hefur allur rútubílaakstur, þar með talið skóla- og frístundaakstur verið kolefnisjafnaður í samstarfi við Kolvið. Hópbílar aka einnig á Biodísel eldsneyti sem mengar minna og smyr mun betur en venjuleg dísilólía.

Það eru forréttindi fyrir okkur hjá Hópbílum að aka nemendum í skóla- og frístundaakstri. Til að tryggja öryggi, heilsu og velferð farþega um borð í bílunum okkar er mikilvægt að hegðun sé til fyrirmyndar. Það hjálpar sannarlega ef skóla-  
stjórnendur, kennarar, skólafarsfólk og forráðamenn brýna viðeigandi hegðun fyrir nemendum áður en lagt er af stað inn í skólaárið, auk þess að minna reglu-  
lega á hversu mikilvæg góð hegðun er fyrir alla farþega. Það er mikilvægt að farþegar hafi virðingu, tillitssemi og ábyrgð að leiðarljósi í skóla- og frístunda-  
bílunum.

### Í blaðinu finnur þú:

Góð hegðun—betri akstur ..... 1

Skólaakstur ..... 2

Frístundaakstur..... 2

Nauðsynlegt fyrir nemendur/farþega í skóla- og frístundaakstri að hafa í huga..... 3

Við hvetjum bílstjóra okkar..... 3

Óskilamunir. .... 3

Farsæl samskipti ..... 4

Hér nærð þú í okkur..... 4

### Hópbílar í fararbroddi

- Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í stefnumörkun og starfi Hópbíla.
- Öryggi er veigamikill þáttur í starfsemi Hópbíla.
- Til þess að tryggja öryggi, heilsu og velferð farþega um borð í bílunum okkar er mikilvægt að hegðun sé til fyrirmyndar.



## SKÓLAAKSTUR

Mikilvægt er að forsvaraðilar skólstarfs upplýsi Hópbíla tímanlega um stundatöflur og mikilvægar tímasetningar áður en starf hefst á haustmánuðum. Upplýsingar með góðum fyrirvara auðvelda okkur skipulag og auka fagmennsku.

Mikilvægt er fyrir okkur að fá:

- Stundatöflur sem snúa að öllum skólaakstri. Má þar nefna akstur í sundlaugar og akstur í íþróttahús.
- Upplýsingar um hvar æskilegt er að bíll frá okkur stoppi og taki farþega uppí (biðstöð). Gott væri að mynd af biðstöð myndi fylgja.
- Upplýsingar um farþegafjölda í hverri ferð. Slíkt auðveldar okkur að útvega viðeigandi bílastærð.
- Upplýsingar um hvort og hvenær starfsmaður fylgi. Gott er að fá nöfn skólstarfsfólks/fylgdarliða sem fylgir nemendum í skólaakstri.
- Sértekur upplýsingar um sérdeildaakstur þar sem við á.
- Aðrar upplýsingar sem gætu nýst okkur við að skipuleggja aksturinn og veita sem bestu þjónustu.

## FRÍSTUNDAAKSTUR

### ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐS-FÉLÖG

Mikilvægt er að íþróttá- og æskulýðsfélög undirbúi starfsárið og þá þætti sem lúta að frístundaakstri af kostgæfni.

Mikilvægt er að íþróttá- og æskulýðsfélög upplýsi Hópbíla um heppilegar biðstöðvar / stoppistöðvar nálægt sinni starfsemi. Gott væri ef mynd af viðkomandi stað myndi fylgja.

Mikilvægt er að íþróttá- og æskulýðsfélög tryggja auðvelt aðgengi bíla okkar að slíkum biðstöðvum allan ársins hring, tryggja öryggi farþega til og frá bíl og upplýsi okkur ef breytingar verða á áður skipulögðum bið- og stoppistöðvum.

## FRÍSTUNDAAKSTUR

Mikilvægt er að forsvaraðilar frístundaaksturs upplýsi tímalega um allt skipulag sem snýr að akstri frístundabíls. Upplýsingar með góðum fyrirvara auðvelda okkur skipulag og auka fagmennsku.

Mikilvægt er fyrir okkur að fá:

- Stundatöflur sem snúa að öllum frístundaakstri.
- Upplýsingar um hvar æskilegt er að bíll frá okkur stoppi og taki farþega uppí (biðstöð). Gott væri að mynd af biðstöð myndi fylgja.
- Upplýsingar um farþegafjölda í hverri ferð. Slíkt auðveldar okkur að útvega viðeigandi bílastærð.
- Upplýsingar um hvort og þá nöfn skólstarfsfólks/fylgdarliða sem fylgir nemendum í frístundaakstri.
- Sértekur upplýsingar um sérþarfir þar sem við á.
- Aðrar upplýsingar sem gætu nýst okkur við að skipuleggja aksturinn og veita sem bestu þjónustu.





Sannkallað meistarasarstarf hér á ferð.

## NAUÐSYNLEGT FYRIR NEMENDUR / FARÞEGA Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDAAKSTRI AÐ HAFI HUGA

- Verið komin á biðstöð 5 mínútum fyrir brottfarartíma.
- Gangið um borð í rútu og/eða farið úr rútu þegar bíllinn hefur numið staðar.
- Gangið um borð og yfirgefið rútu með markvissum og öruggum hætti. Í einfaldri röð og án þess að hlaupa eða ýta við öðrum.
- Haldið kyrru fyrir í sætinu með beltið spennt alla ferðina og yfirgefið sætið þegar bílstjóri og/eða fylgdarliði gefur merki um slíkt.
- Hafið hendur og fætur fyrir ykkur. Þess vegna sveiflum við ekki höndum, spörkum ekki fótum og hendum ekki hlutum inn, út úr eða í bílnum.
- Verið kurteis og notið falleg og vinalæg orð. Talið við aðra eins og þið mynduð vilja að þeir töluðu við ykkur.
- Notkun raftækja sem gætu truflað bílstjóra eða aðra farþega er óheimil.
- Stórir hlutir sem passa ekki í fangið á farþega eiga ekki erindi í bílinn.
- Við borðum ekki eða drekkum drykki í bílnum.
- Hlýðið ávallt bílstjóra og fylgdarliða, ef hann er til staðar.
- Ef þið valdið skemmdum á bílnum, t.d. sætisbaki, þá verðið þið að vera tilbúin að greiða fyrir þær skemmdir. Gáfulegra er að nota aurana í annað og því betra að fara gætilega í bílnum og ganga um af virðingu.

### Við hvetjum bílstjóra okkar til þess að:

- Aka varlega
- Aka á löglegum hraða
- Haga akstri eftir aðstæðum
- Hafa bílinn snyrtilegan
- Sýna kurteisi
- Vera stundvísir
- Vera snyrtilega klæddir
- Vera til fyrirmyndar
- Viðhafa skýr fyrirmæli
- Sýna gott viðmót
- Vera tillitssamir
- Upplýsa um hvað gengur vel
- Upplýsa um hvað mætti betur fara
- Koma óskilamunum til skóla eða vaktstjórnar
- Hrósa
- Hvetja
- Brosa



### ÓSKILAMUNIR

Ef nemendur tapa einhverju í bílum okkar, t.d. fatnaði eða einhverju lauslegu sem þeir hafa haft meðferðis, reynum við að taka allt úr bílunum.

Hægt er að vitja þess sem tapast hjá vaktstjórn að Eyrartröð 2.

## Eyrartröð 2

Vaktstjórn Hópbíla er staðsett að Eyrartröð 2. **Vaktstjórnir** okkar eru:

*Andri Birgisson*

*Gunnar Þór Finnbjörnsson*

*Hörður Sveinsson*

*Ólafur Gísli Reynisson*

Auk þeirra starfa á **kvöldvakt**:

*Slavomira Stateczna(Mira)*

*Stefán Harðarson*

Vaktstjórn Akstursþjónustu er í sama húsi. **Vaktstjórar** okkar þar eru:

*Elfar J Eiríksson*

*Kristinn Örn Jóhannesson*

## FARSÆL SAMSKIPTI


Samskipti sem einkennast af gagnkvæmri virðingu, yfirvegum og trausti eru vænlegust til lausnaleitar. Það er okkur mikilvægt að eiga góð og markviss samskipti við okkar viðskiptavini.

Breytingar kunna að verða á tímasetningum, akstur felldur niður og upp geta komið ýmiss atvik eða breytingar á dagskrá sem hafa áhrif á skóla- og frístundaakstur. Mikilvægt er að upplýsa okkur tímalega ef þess er kostur því breytingar á dagskrá hafa keðjuverkandi áhrif á önnur verkefni okkar, bíla og bílstjóra.

Eins er mikilvægt fyrir okkur að vita ef breytingar verða á biðstöðvum eða þeim stöðum þangað sem farþegar eru alla jafna sóttir. Þá er farsælast að upplýsingar berist okkur tímalega svo þjónusta okkar verði með framúrskarandi hætti.

**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri  
leifur@hopbilar.is



## HÉR NÆRÐ ÞÚ Í OKKUR

Aðalsímanúmer Hópbíla er **599 6000**.

Skrifstofur Hópbíla eru staðsettar á **Melabraut 18** og eru opnar frá kl. 9:00-16:00 en aðsetur vaktstjórnar er á **Eyrartröð 2**.

**Sölu- og markaðsdeild** er staðsett á Melabraut 18. Þar ráða ríkjum þau *Jón Arnar Ingvarsson* og *Kristín B. Aðalsteinsdóttir*. Ef óskað er eftir tilboðum eða bókunum í sérferðir er nauðsynlegt að hafa samband við sölu- og markaðsdeild í síma 599 6000 eða í netfangið **hopbilar@hopbilar.is**

Allt sem snýr að daglegum rekstri skóla- og frístundaaksturs fer í gegnum vaktina okkar. Vaktstjórn tekur til starfa **kl. 06:00** á hverjum morgni. Daglegur starfstími vaktstjórnar á Eyrartröð er frá **kl. 6:00-18:00**, eftir það tekur kvöldvakt við.

Ef þjónustuþegar kjósa að senda tölvupóst skal nota netfangið **vakt@hopbilar.is** til þess að hafa samband við vaktstjórn. Farsælast og fljótlegast er þó að hafa samband símleiðis við lausnaleit.

<b>Vaktstjórn</b> fyrir skóla- og frístundaakstur	599 6080 599 6081 599 6085	Andri Birgisson Gunnar Þór Finnbjörnsson Hörður Sveinsson Ólafur Gísli Reynisson	<a href="mailto:vakt@hopbilar.is">vakt@hopbilar.is</a>
---	----------------------------------	---	--

